

Skjalastefna VIRK

Tilgangur:

Tilgangur skjalastefnu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) er að tryggja öryggi gagna rekjanleika og áreiðanleika. VIRK ber ábyrgð á tilurð og varðveislu skjala og skráa þ.m.t. rafrænna gagna gagnvart hagsmunaðilum í samræmi við skipulagsskrá, lög, reglur, og kröfugerðir.

Umfang:

Skjalastefna VIRK tekur til allra gagna óháð miðlum sem tengjast rekstri VIRK.

Markmið:

Markmið með skjalastefnu VIRK er að stuðla að samhæfðu skipulagi á tilurð og varðveislu gagna í samræmi við skipulagsskrá, lög, reglur og kröfugerðir sem VIRK ber að uppfylla.

- VIRK ber að tryggja heillindi gagna, rekjanleika, vistun og stýrðu aðgengi þeirra.
- VIRK mun setja sér varðveislúáætlun gagna til að tryggja að gögn séu varðveitt eins lengi og lög gera ráð fyrir og þörf er á fyrir starfsemi VIRK.
- Gögn VIRK skulu varðveitt á rafrænu formi í aðgangsstýrðum gagnagrunni eftir eðli upplýsinganna.
- Í skjalastefnu- og öryggisstefnu VIRK er lögð áhersla á örugga meðferð upplýsinga í eigu og/eða umsjá VIRK.

Ábyrgð:

- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á skjalastefnu VIRK og reglulegri endurskoðun.
- Gæða- og öryggisstjóri ber ábyrgð á innleiðingu skjalastjórnunar hjá VIRK.
- Stjórnendum og starfsfólki VIRK ber að tryggja að tilurð og varðveisla skjala sé hluti af starfseminni og í samræmi við samþykkt og útgefið verklag.

Reykjavík 15. ágúst, 2015

Vigdís Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri VIRK